

SVÆÐISGARÐURINN SNÆFELLSNES



Tími og staður : Breiðabliki
16.nóvember.2016 kl. 17

5. FUNDARGERÐ

Fundur 5	Eigendaráð Svæðisgarðsins Snæfellsnes
Fundarefni	Aðalfundur
Fundarstjórn	Eyþór Garðarsson
Fundarritari	Ragnhildur Sigurðardóttir
Fundarmenn	Eigendaráð svæðisgarðsins og fundurinn er opin stjórn
Framlögð gögn	Skoðaðir ársreikningar 2015, fjárhagsáætlun 2017, Bréf frá Alta og KPMG vegna fyrirhugaðra breytinga úr Ehf í sjálfseignastofnun.

DAGSKRÁ

1. Verkefni Svæðisgarðsins
Ragnhildur Sigurðardóttir. Eigendaráð samþykkti forgangsverkefni.
2. Breiðablik - Gestastofa Snæfellsnes
Kynning Margrét Björk Björnsdóttir.
Samþykkt samhljóða að ráðast í undirbúningsverkefni um stofnun gestastofu Snæfellsnes á Breiðabliki skv. framlögðum tillögum.
3. Afgreiðsla reikninga og fjárhagsáætlun 2017
Samþykkt
4. Tillaga um að breyta Svæðisgarðinum í sjálfseignastofnun Samþykkt
Ragnhildur fór yfir framlögð gögn. Hún og Gyða (KPMG) svöruðu spurningum fundarmanna. Samþykkt að senda gögnin í yfirllestur til sýslumanns á Sauðárkróki (sem hefur það verkefni f.h. ríkisins að lesa yfir svona skjöl). Eftir það verður búin til sjálfseignastofnun. Stofnsamþykktir Svæðisgarðsins standa fyrir sínu og það sem fyrir liggur er að koma svæðisgarðinum í búning sem passar. Fram kom í umræðum að þar sem við erum með fyrsta svæðisgarðinn á Íslandi, er ekki til fordæmi og þ.a.l. ekki rétt form. Nú liggur fyrir sérfræðiálit um að Sjálfseignastofnun sé besta leiðin. Samþykkt að breyta Svæðisgarðinum í Sjálfseignarstofnun.
5. Kosningar. Kristínu Björgu Árnadóttur voru þökkuð vel unnin störf sem formaður framkvæmdastjórna. Í hennar stað sem fulltrúi Snæfellsbæjar var kosin Kristjana Hermannsdóttir. Eyþór Garðarsson (Grundarfjarðarbæ) var kosinn formaður framkvæmdastjórna og Hafðís Bjarnadóttir (Stykkishólmi) formaður Eigendaráðs.
Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 19.30